

## Fundargerð

421. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 4. júní 2019 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Ólafur Örn Ingólfsson, Róbert Bender, Þorbjörn Guðmundsson, Margrét Hagalínsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Kári Jónasson og Sigríður Snæbjörnsdóttir.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar nr. 420 lögð fram og rædd.

Umræða um síðasta lið fundargerðarinnar þar sem niðurstaðan var sú eftir nokkrar umræður, að boða til annars stjórnarfundar og ræða það mál sérstaklega.

### 1. Verðlaun Öldrunarráðs

Formaður sýndi fjöregg – viðurkenningu Öldrunarráðs sem FEB fékk afhent á aðalfundi Öldrunarráðs 23. maí s.l. fyrir „mikið innra starf meðal félagsmanna og baráttu fyrir málefnum eldra fólks í samfélaginu“ eins og stendur á gripnum sjálfum og skjali er fylgdi með. FEB er þakklátt og stolt af þessum verðlaunum.

### 2. Þjónustustefna Reykjavíkurborgar m.a. í málefnum eldri borgara

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi og form. velferðarráðs kom á fundinn til að fara yfir þessi mál, málaflokkinn og önnur mál er snúa að stefnu borgarinnar í velferðarþjónustu. Margt koma fram í máli Heiðu m.a. að 15% Reykvíkinga eru 67 ára og eldri og við þá verði komið fram af Virðingu – virkni og vináttu.

### 4. Önnur mál

Ísland – atvinnuhættir og menning – áhugi og ósk um að fá FEB til þátttöku að verkefninu sem kæmi út í bókaformi árið 2020. Kostar 350 þúsund. Beðið með afgreiðslu.

„Hetjur Breiðholts“ viðurkenning hverfisráðs Breiðholts. FEB fékk í síðustu viku viðurkenningu fyrir framlag til hverfisins og fyrir að efla félagsauð í hverfinu og að hvetja aðra íbúa til samfélagslegrar þátttöku.

Bókun frá Sjöfn um að nýjustu Félagstíðindi FEB 1. tbl. 10.árg. séu þau bestu fram til þessa.

Fundi slitið 11.25.

Samþykkt;